

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/1678****2020/EES/54/06****frá 4. október 2019****um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu***(tilkynnt með númeri C(2019) 7067) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (1), einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE (2), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 6. gr. og 5. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (3), einkum 2. mgr. 6. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB (4) er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB, og skrá yfir miðlæggar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu). Umræddar skrár eru settar fram í I. og II. viðauka við þá ákvörðun, eftir því sem við á.
- 2) Í kjölfar tillögu frá Belgíu ætti að rýmka samþykkið fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Antwerpen svo það nái yfir ópakkaðar afurðir til manneldis. Því er rétt að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 3) Í kjölfar tillögu frá Danmörku ætti að skrá nýja skoðunarmiðstöð á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Skagen fyrir skoðanir á aukaafurðum úr dýrum. Því er rétt að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 4) Í kjölfar tillögu frá Spáni ætti að samþykkja nýja skoðunarstöð á landamærunum við höfnina í Ferrol til skoðunar á pakkaðri vöru til manneldis. Að auki ætti að aflétta tímabundinni niðurfellingu á samþykki fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Santander fyrir afurðir sem eru ekki ætlaðar til manneldis og einnig fyrir eina af skoðunarmiðstöðvunum á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Vigo. Því er rétt að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 257, 8.10.2019, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 4.

(1) Stjtuð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

(2) Stjtuð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

(3) Stjtuð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtuð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

- 5) Í kjölfar tillögu frá Ítalíu og fullnægjandi skoðunar sem framkvæmdastjórnin framkvæmdi ætti að samþykkja nýju skoðunarstöðina á landamærunum á flugvelli í Verona til skoðunar á pakkaðri vöru til mannelis. Því ætti að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 6) Í kjölfar orðsendingar frá Finnlandi ætti að fella samþykkið fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Hamina brott úr skránni í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 7) Í kjölfar orðsendingar frá Svíþjóð ætti að veita undanþágu að því er varðar starfsfólk sem framkvæmir skoðanir og varðandi útgáfu vottorða á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Helsingborg. Því er rétt að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 8) Þýskaland tilkynnti framkvæmdastjórninni að í kjölfar stjórnsýslulegrar endurskipulagningar ætti að gera tiltekna breytingar á skránni yfir staðareiningar í Traces-kerfinu að því er það aðildarríki varðar. Því er rétt að breyta II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. október 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Vytenis ANDRIUKAITIS

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi athugasemdum er bætt við sérstakar athugasemdir:

„(16) = Að undanskildum skrokkum af hóf- og klaufdýrum.“

b) Þeim hluta sem varðar Belgíu er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Antwerpen kemur eftirfarandi:

|                      |          |   |                   |                            |  |
|----------------------|----------|---|-------------------|----------------------------|--|
| „Antwerpen<br>Anvers | BE ANR 1 | P | GIP LO<br>Afrulog | HC(16), NHC<br>HC(2), NHC“ |  |
|----------------------|----------|---|-------------------|----------------------------|--|

ii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Zeebrugge kemur eftirfarandi:

|            |          |   |  |                 |  |
|------------|----------|---|--|-----------------|--|
| „Zeebrugge | BE ZEE 1 | P |  | HC(16), NHC(2)“ |  |
|------------|----------|---|--|-----------------|--|

c) Í þeim hluta sem varðar Danmörku kemur eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Skagen:

|         |          |   |           |   |  |
|---------|----------|---|-----------|---|--|
| „Skagen | DK SKA 1 | P | BIP<br>IC | HC-(FR)(1)(2)(3), NHC(6)<br>NHC-NT(4)(6)“ |  |
|---------|----------|---|-----------|---|--|

d) Þeim hluta sem varðar Spán er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi færslu fyrir höfnina í Ferrol er bætt við á eftir færslunni fyrir Ciudad Real:

|         |          |   |  |        |  |
|---------|----------|---|--|--------|--|
| „Ferrol | ES FRO 1 | P |  | HC(2)“ |  |
|---------|----------|---|--|--------|--|

ii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Santander kemur eftirfarandi:

|            |          |   |  |         |  |
|------------|----------|---|--|---------|--|
| „Santander | ES SDR 1 | P |  | NHC-NT“ |  |
|------------|----------|---|--|---------|--|

iii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Vigo kemur eftirfarandi:

|       |          |   |   |   |  |
|-------|----------|---|---|---|--|
| „Vigo | ES VGO 1 | P | T.C. Guixar<br>Frioya<br>Frigalsa<br>Pescanova<br>Fandicosta<br>Frig. Morrazo | HC, NHC-T(FR),<br>NHC-NT<br>HC-T(FR)(2)(3)<br>HC-T(FR)(3)<br>HC-T(FR)(2)(3)<br>HC-T(FR)(2)(3)<br>HC-T(FR)(3)“ |  |
|-------|----------|---|---|---|--|

e) Í þeim hluta sem varðar Ítalíu bætist eftirfarandi færsla fyrir höfnina í Verona við á eftir færslunum fyrir Venezia:

|         |          |   |  |        |  |
|---------|----------|---|--|--------|--|
| „Verona | IT VRN 4 | A |  | HC(2)“ |  |
|---------|----------|---|--|--------|--|

f) Í þeim hluta sem varðar Finnland fellur færslan fyrir höfnina í Hamina brott.

g) Í þeim hluta sem varðar Svíþjóð kemur eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Helsingborg:

|              |          |   |  |                                       |  |
|--------------|----------|---|--|---------------------------------------|--|
| „Helsingborg | SE HEL 1 | P |  | HC(1)(2), NHC-T(FR)(2),<br>NHC-NT(2)“ |  |
|--------------|----------|---|--|---------------------------------------|--|

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

Í þeim hluta sem varðar Þýskaland falla brott færslurnar fyrir einingarnar „DE38210 REGIONALSTELLE MITTE“ og „DE38310 REGIONALSTELLE WEST“ undir liðnum „DE00010 SAARLAND“.

\_\_\_\_\_